

Ár 2002, þriðjudaginn 17. september er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands haldið af Halldóri Halldórssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 5/2002

Lyfjaráðs ÍSÍ

(*Guðmundur Sigurðsson*)

gegn

Lárusi Huldarsyni.

(*Sigmundur Hannesson hdl.*)

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands dagsettri og mótekinni á skrifstofu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands 30. júlí sl.

Kærður er Lárus Einar Huldarson kt. 310373-5089, knattspyrnumaður í meistaraflokki Þróttar Reykjavík.

Kröfur kæranda. Þess er krafist að Dómstóll ÍSÍ dæmi nefndan leikmann til sex mánaða óhlutgengis til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sérsambanda þess eða félaga eða deilda innan þeirra.

Kærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum kæranda en til vara vægustu refsingar sem lög ÍSÍ frekast heimila.

Halldór Halldórsson dómari í Dómsól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu í byrjun ágústmánaðar. Með vísan til greinar 23.6 í lögum

ÍSÍ er dómurinn fjölskipaður. Í dóminum eru meðdómsmennirnir Ólafur Björnsson dómari í dómstól ÍSÍ og Brynjólfur Jónsson læknir.

Í málinu eru eftirtalin skjöl lögð fram. Nr. 1 krafa um bráðabirgðabann. Nr. 2 bréf Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ. Nr. 3. lyfjaeftirlitsblað nr. 584 varðandi töku sýnis. Nr. 4. bréf Huddinge Universitetssjúkhus dags. 10. júlí sl. Nr. 5 bréf Lyfjaráðs dagsett 29. júlí 2002. Bréf Huddinge Universitetssjúkhus dagsett 25. júlí 2002. Nr. 7 upplýsingar frá Heilbrigðisráði ÍSÍ, september 2001. Nr. 8 Vottorð Jóns Gunnars Hannessonar læknis. Nr. 9 listi um stofnanir viðurkenndar af alþjóða Ólympíusambandinu til að greina sýni í sambandi við lyfjapróf. Nr. 10 texti sérlyfjaskrár varðandi lyfið Paradril med efedrin.

II.

Í kæru kemur fram að kærði hafi gefið sýni við reglubundið lyfjaeftirlit föstudaginn 21. júní sl. Niðurstöður rannsóknar sýnisins hafi leitt í ljós að það innihélt efedrín og pseudoefedrín sem bæði eru á lista Alþjóða Ólympíunefndarinnar yfir bönnuð efni og aðferðir. Bæði efnin voru í óleyfilegum styrk þ.e. styrkur þeirra var meiri en hámarksstyrkur sem heimilaður er samkvæmt listanum. (Styrkur efedríns reyndist 64,9 µg/ml, leyfilegur hámarksstyrkur er 10µg/ml. Styrkur pseudoefesríns var 31,5 µg/ml, leyfilegur hámarksstyrkur er 25 µg/ml.)

Kærandi lagði, þegar greining A-sýnis lá fyrir, fram beiðni um að íþróttamaðurinn yrði úrskurðaður óhlotgengur til bráðabirgða. Íþróttamanninum var gerð grein fyrir kröfunni og kaus hann að taka ekki til varna á því stigi málsins en áskildi sér rétt til að halda uppi vörnum þegar kæra kæmi fram og það hefur hann gert. Kærði var úrskurðaður óhlotgengur í fjórar vikum með úrskurði uppkveðnum 22. júlí sl. Bannið tók gildi við birtingu úrskurðarins fyrir kærða daginn eftir. Þann 20. ágúst var bráðabirgða óhlotgengið framlengt þar til endanlegur dómur gengi í málinu.

Kærði gaf skýrslu fyrir dóminum. Fram kom hjá honum að dagana áður en sýnið var tekið hafi hann verið illa fyrirkallaður. Af þeim sökum hafi sambýliskona hans leitað til læknis í þeim tilgangi að fá upplýsingar hvort honum væri heimilt að taka inn mixtúru sem til var á heimilinu. Læknirinn hafi talið að það væri í lagi. Kærði kvaðst hafa tekið mixtúruna inn daginn sem sýnið var tekið svo og næstu tvo daga þar á undan. Hann kvaðst aðspurður vita að efedrín væri á bannlista og jafnframt að honum hafi verið kunnugt um að mixtúran innihéldi slíkt efni. Hann kvaðst hins vegar ekki hafa neitt annarra lyfja á þessum tíma eða fæðubótarefna.

Pétur Magnússon lyfjafræðingur og formaður lyfjanefndar ÍSÍ gaf einnig skýrslu fyrir dómnum. Í hans máli kom fram að efedrín efni þau sem mældust í íþróttamanninum séu mjög líkt uppbyggð og á þeim óverulegur munur. Hann taldi ósennilegt en ekki útilokað pseudoefesrín gæti leynst í lyfi því sem kærði tók.

Í réttinum var sýnd flaska samskonar og sú sem innihélt hóstamixtúru þá sem í kærði neytti dagana áður en sýnið var tekið.

III.

Í málinu liggur fyrir að kærða var kunnugt um að efedrín er á bannlista og notkun þess bönnuð í íþróttum. Þegar af þeirri ástæðu er óþarft að fjalla um hvort illa séð staðið að birtingu lista með þeim efnum sem ólögleg teljast hverju sinni við iðkun íþróttanna en á því var nokkuð byggt við munnlegan flutning málsins. Á flösku þá sem inniheldur áðurnefnda mixtúru er greinilega ritað að í henni sé efedrín og mátti kærða því vera ljóst að með því að neyta hennar væri hann að minnsta kosti að taka óþarfa áhættu. Vottorð Jóns Gunnars lækni ber ekki með sér að hann hafi ráðlagt íþróttamanninum að taka þessa tilteknu mixtúru og verður því ekki ráðið að hann hafi gert að það að læknisráði. Með hliðsjón af því að ekki er útilokað að pseudoefedrín hafi verið í flöskunni er ekkert annað sem bendir til þess að kærði hafi neytt annarra lyfja.

Í grein 46. nefndra laga ÍSÍ er fjallað um viðurlög við lyfjamisnotkun. Þar kemur m.a. fram að dæma skuli íþróttamann í 6 mánaða bann, við fyrsta brot, ef hann er uppvís að misnotkun efedríns eða skyldra efna. Ef mildandi ástæður mæla með því er þó heimilt að dæma vægari refsingu. Það er mat dómsins refsilækkandi ástæður greinar 46.2 laga ÍSÍ eigi ekki við í þessu máli enda liggur fyrir að kærði neytti mixtúrunnar þrátt fyrir að hann vissi að hún innihélt bannað efni. Með háttsemi sinni hefur kærði gerst sekur um háttsemi sem telst brot gegn lögum og reglum íþróttahreyfingarinnar, grein 44. í lögum ÍSÍ. Með vísan til greinar 46.2. í lögum ÍSÍ þykir rétt að dæma kærða óhlutgengan í 6 mánuði frá og með 23. júlí sl. en þann dag var honum birtur úrskurður um óhlutgengi hans til bráðabirgða og það bann stendur enn.

Dóm þennan kveður upp Halldór Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ sem dómsformaður. Dómurinn er sendur með símbréfi til skrifstofu ÍSÍ sem mun annast birtingu hans fyrir kærða og tilkynna KSÍ og Þrótti Reykjavík um niðurstöðu dómsins.

DÓMSORÐ

Lárus Einar Huldarson kt. 310373-5089 er óhlutgengur til þátttöku í æfingum, keppnum og sýningum á vegum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, sérsambanda þess og félaga eða deilda innan sérsambanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands í 6 mánuði frá og með 23. júlí 2002 að telja.

Halldór Halldórsson.

Ólafur Björnsson

Brynjólfur Jónsson